



Fuglavernd

Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354)562 0477 ♦ [fuglavernd@fuglavernd.is](mailto:fuglavernd@fuglavernd.is)

**Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík**

**Reykjavík 11. febrúar 2021**

**Varðar auglýsta tillögu að endurnýjun starfsleyfis fyrir Skotfélag Reykjavíkur á Álfsnesi.**

Fuglavernd vill koma mótmælum á framfæri um endurnýjun starfsleyfis Skotfélags Reykjavíkur á skotvelli á Álfsnesi. Staðsetning skotsvæðisins er of nálægt sjó. Það eru greinileg ummerki í náttúrunni um mikla notkun blýhagla þrátt fyrir að í núverandi leyfi sé mælt til þess að notuð séu stálskot eða önnur vistvænni skot en blý. Allt bendir til þess að rekstraraðili svæðisins hafi lítinn metnað til að fylgja þessu ákvæði eftir.

Blý í blýskotum er þungmálmur og eitruð efni komist það í lífverur. Í Kollafirði er þetta ógn við fugla sem þar búa sérstaklega andfugla sem éta smásteina sem hjálpa þeim að mylja fæðuna í fóarni. Þannig taka þeir inn blýið sem svo drepur þá á hægum og kvalafullan hátt.

**Fyrir hönd stjórnar Fuglaverndar  
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmastjóri.**